

Ár 1980, þriðjudaginn 22. janúar, var í málínu nr. 18/1979 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ó U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi til Fasteignamats ríkisins frá 17. apríl 1979 kærði eigandi íbúðar á 3. hæð hússins nr. 3 við Rauðalæk fasteignamatsverð þessarar fasteignar sinnar til lækkunar. Kærunni var hafnað hinn 12. júní 1979 með úrskurði Fasteignamats ríkisins, en úrskurðurinn er svohljóðandi: "Vegna framangreindrar kæru verður fasteign yðar skoðuð og tekin til endurmats. Niðurstöður þessa mats verða birtar í næstu fasteignaskrá. Hins vegar virðist ekki ástæða til matsbreytingar að svo stöddu. Úrskurðarorð: Mat standi óbreytt."


Kærandi sætti sig ekki við ofangreinda niðurstöðu og kærði málið til Yfirlasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 26. júlí 1979. Eru kröfur hans um lækkun á matsverði íbúðarinnar rökstuddar í bréfinu. Vísar hann þar meðal annars til þess, að íbúð sín sé aðeins 23% af íbúðarhúseigninni, en íbúðir á 1. og 2. hæð 30% hvor um sig. Þessar síðarnefndu íbúðir séu og íburðarmeiri og þeim hafi verið betur haldið við. Sé ósamræmi milli mats þessara íbúða og íbúðar hans á 3. hæð, en hún sé undir súð. Þá séu stærðir íbúðanna í fasteignamatsskrá rangar.


Samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978 eru fjórar íbúðir í húsinu nr. 3 við Rauðalæk og þær metnar þar sjálfstæðu mati.  $78,1 \text{ m}^2$  íbúð í kjallara er metin á samtals kr. 9.734.000.-, þar af 16ðarréttindi á kr. 683.000.-,  $141,2 \text{ m}^2$  íbúð á 1. hæð samtals kr. 17.554.000.-, þar af 16ðarréttindi á kr. 1.263.000.-,  $141,2 \text{ m}^2$  á 2. hæð á samtals kr. 17.475.000.-, og  $138,7 \text{ m}^2$  íbúð kæranda á 3. hæð á samtals kr. 15.221.000.-, þar af 16ðarréttindi á kr. 1.129.000.-.


Yfirlasteignamatsnefnd hefur kannað þau gögn sem máli skipta við fasteignamat umræddrar íbúðar. Er niðurstæða nefndarinnar sú, að ekki verði talið, að fasteignin sé of hátt metin. Ber því að fallast á úrlausn Fasteignamats ríkisins að niðurstöðu til.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.

  
Gaukur Jörundsson

  
Pétur Stefánsson

  
Torfi Ásgeirsson.